

Varðar: Rammáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða  
Vatnsaflskostir, virkjun Ölfusár við Selfoss, Selfossvirkjun

Sveitarfélagið Árborg og Selfossveitur hafa um nokkurra mánaða skeið unnið undirbúningsvinnu vegna virkjunar Ölfusár við Selfoss. Sótt var um rannsóknarleyfi vegna fyrirhugaðrar virkjunar árinna og var leyfi gefið út af Orkustofnun til rannsóknar á vatnasviði Ölfusár við Selfoss og á afmörkuðum svæðum á landi. Hagkvæmni virkjanakostsins hefur verið metin með hliðsjón af því að nýta væntanlega brú yfir Ölfusá sem hluta af virkjuninni, auk þess sem umhverfispættir hafa verið skoðaðir.

Talsvert magn gagna liggur fyrir sem Vegagerðin hefur aflað vegna umhverfismats og áætlana um tvöföldun Suðurlandsvegur. Nú liggur einnig fyrir skýrsla Veiðimálastofnunar þar sem teknar eru saman upplýsingar um fiskstofna á vatnasvæðinu og lagt frummat á hugsanleg áhrif af fyrirhugaðri Selfossvirkjun. Í skýrslunni er einnig bent á mögulegar mótvægisáðgerðir til að tryggja að sem minnst rask verði fyrir fiskistofna á vatnasvæðinu. Samþykkt var af bæjarstjórn í september s.l. að skoða útfærslu á minni virkjun en rætt hafði verið um, og hefur möguleg útfærsla á 10 MW virkjun verið kynnt fyrir framkvæmda- og veitustjórn.

Verkefnisstjórn um rammaáætlun ákvað með eins atkvæðis mun að setja virkjun Ölfusár í biðflokk á þeim grundvelli að hugmyndina þurfi að rannsaka frekar. Með skýrslu Veiðimálastofnunar liggja fyrir nýjar upplýsingar, frummat og yfirlit yfir mögulegar mótvægisáðgerðir, sem ekki lágu fyrir þegar ákvörðun verkefnisstjórnar var tekin. Skýrslan hefur verið send inn sem gagn í umsagnarferlið.

Eftirfarandi samantekt sem lögð var fyrir bæjarráð í ágúst s.l. gefur yfirlit yfir verkefnið:

### 1. Arðsemi

*Talið er að arðsemi Selfossvirkjunar verði um 8% af fjárfestingu. Forsendur þessa mats eru tvær: a) Núverandi raforkuverð og b) Áætlaður fjárfestingarkostnaður. Vaxtakostnaður er talinn umtalsvert lægri og er þar af leiðandi ljóst að verkefnið getur skilað sveitarfélaginu góðum arði. Virkjunin er talin í meðallagi arðsöm en samnýting fjárfestingar vegna brúarmannvirkis lækkar kostnaðinn umtalsvert. Verkfræðistofan Verkís hefur lagt mat á fjárfestingu með hliðsjón af kostnaði við sambærilegar framkvæmdir en ekki hefur verið farið í að afla tilboða. Ekki er gert ráð fyrir eiginfjárframlagi eða ábyrgðum frá sveitarfélaginu í verkefnið heldur væri hagkvæmni við samnýtingu lögð til grundvallar. Forsenda væri jafnframt að fyrir lægju langtíma raforkusamningar við tryggan kaupanda. Þá hafa lífeyrissjóðirnir sýnt áhuga á að fjármagna virkjunina á hagstæðum kjörum. Arður virkjunarinnar, ef af verkefninu yrði, myndi renna til sveitarfélagsins.*

### 2. Umhverfissvænar lausnir

*Þegar talað um umhverfissvænar lausnir er átt við að hugmyndavinnan hafi tekið mið af þeim lausnum sem tryggja best laxagengd og seiða. Möguleikar á hægengri túrbínu, seiðafleytingum og þröskuldi í stað stífluveggs eru allt atriði sem miða að því að draga úr neikvæðum áhrifum virkjunar á lífríkið.*

### 3. Tækifæri fyrir sveitarfélagið

*Rætt hefur verið og ritað um ógnanir og tækifæri vegna mögulegrar virkjunar. Ljóst er að mikil tækifæri liggja í atvinnusköpun og ávinningi fyrir sveitarsjóð af tekjum vegna Selfossvirkjunar. Þrátt fyrir þessa kosti hefur bæjarstjórn tekið þá stefnu að fara vandlega yfir*

málið með viðtæku samráði. Þá hefur bæjarstjórn lagt lítinn kostnað í verkefnið og farið varlega í útgjöld.

#### 4. Landsréttindi og vatnsréttindi

Sveitarfélagið er ekki eini landeigandinn á áætluðu framkvæmdasvæði. Ekki hefur verið gengið til samninga við landeigendur og engin áform eru um eignarnám. Verkefnið hefur verið unnið á hugmyndastigi með kynningu og samráði án þess að farið hafi af stað samningaferli um land- og vatnsréttindi.

#### 5. Rammaáætlun

Rammaáætlun er enn í vinnslu en í þingsályktunartillögu sem nú liggur fyrir er hún sett í biðflokk ásamt mörgum öðrum virkjanakostum enda vantar frekari gögn. Verkefnisstjórn rammaáætlunar lagði mat á virkjunarkosti sem lágu fyrir henni. Selfossvirkjun var í hópi þeirra kosta sem ekki var metin af öllum faghópum og fékk langflest atkvæði í nýtingu af þeim kostum. Vildu 5 setja Selfossvirkjun í nýtingarflokk, 6 í bið en enginn úr verkefnastjórninni vildi setja verkefnið í verndarflokk. Sveitarfélagið Árborg tekur vinnu við rammaáætlun alvarlega og metur þá vinnu sem lögð er í áætlunina.

#### 6. Rannsóknarleyfi

Sveitarfélagið Árborg hefur fengið rannsóknarleyfi að undangengnum umsögnum tilheyrandi stofnana. Talsvert magn gagna liggur fyrir sem Vegagerð ríkisins hefur aflað vegna umhverfismats og áætlana um tvöföldun Suðurlandsvegjar. Það sem einkum þarf að horfa til í rannsóknum er fiskgengd og seiða. Samið hefur verið við veiðimálastofnun um áætlun um fiskrannsóknir. Samningur þessi er hagstæður fyrir sveitarfélagið þar sem úttekt verður gerð fyrir aðeins 2 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að úttekt liggi fyrir síðar á árinu en þar sem hönnun er skammt á veg komin er unnt að aðlaga hana að umhverfinu eins og bent er á hjá Veiðimálastofnun.

#### 7. Umhverfismat

Ekki liggur fyrir ákvörðun um að fara í umhverfismat og liggur ekki fyrir ákvörðun um að ráðast í virkjunina eða falla frá áformum á grundvelli núverandi gagna. Í viðbót við ofangreint hefur fagnefndum sveitarfélagsins verið falið að fara yfir áhrif mögulegrar virkjunar. Þá hafa verið haldnir fjölmargir kynningarfundir með hagsmunaaðilum og íbúum. Margar ábendingar hafa komið fram og má ætla að óvenju mikið samráð hafi verið haft til að tryggja sem faglegust vinnubrögð í þessu máli. Fundir hafa verið haldnir með fjölmörgum aðilum vegna málsins, þar sem umræður hafa farið fram. Skrifleg gögn liggja ekki fyrir frá þeim aðilum sem fundað hefur verið með.

Yfirlit yfir meðferð málsins hjá Sveitarfélaginu Árborg, formlegar fyrirtökur á fundum nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins:

18. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar 15.04.2010 - lagt til að skoðað verði að taka frá svæði fyrir hafstrauma- eða sjávarfallavirkjun

180. fundur bæjarráðs 23.04.2010 - bæjarráð samþykkir tillögu umhverfis- og skipulagsnefndar.

2. fundur bæjarráðs 25.06.2010 bæjarráð felur framkvæmda- og veitustjórn að kanna möguleika varðandi virkjanakosti í sveitarfélaginu, möguleika rennslisvirkjunar sérstaklega út frá umhverfis- og hagkvæmnissjónarmiðum.

1. fundur framkvæmda- og veitustjórnar 29.06.2010 - stjórnin samþykkir að leita til sérfræðinga varðandi kynningu á virkjanakostum.

2. fundur framkvæmda- og veitustjórnar 16.07.2010 - kynning Eiríks Bragasonar, verkfræðings. Stjórnin samþykkir að vinna að forathugun á hagkvæmni og umhverfisáhrifum rennslisvirkjunar.
4. fundur bæjarráðs 22.07.2010 - samþykkt að haldinn verði kynningarfundur með bæjarfulltrúum og skipulags- og byggingarnefnd.
3. fundur bæjarstjórnar 18.08.2010 - fulltrúar Samfylkingar fara fram á að kynningarfundur verði haldinn sem fyrst.
7. fundur framkvæmda- og veitustjórnar 12.10.2010 - samþykkt að ganga til samninga við Eirík Bragason varðandi ráðgjöf og undirbúning vegna Selfossvirkjunar.
17. fundur bæjarráðs 21.10.2010 - veitt jákvæð umsögn vegna umsóknar Selfossveitna um rannsóknarleyfi vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Selfoss.
9. fundur framkvæmda- og veitustjórnar 18.11.2010 - Eiríkur Bragason, verkfræðingur kom á fund nefndarinnar.
20. desember 2010, Orkustofnun veitir rannsóknarleyfi á vatnasviði Ölfusár við Selfoss.
11. fundur framkvæmda- og veitustjórnar 20.12.2010 - Eiríkur Bragason, verkfræðingur kom á fund nefndarinnar og kynnti verkefnið.
35. fundur bæjarráðs 17.02.2011 - samþykkt landbúnaðarnefndar og sveitarstjórnar Hrunamannahrepps teknar fyrir.
36. fundur bæjarráðs 24.02.2011 - drögum að samkomulagi Vegagerðarinnar og Árborgar um könnun á hagkvæmni sameiginlegs brúar- og virkjunarmannvirkis vísað til framkvæmda- og veitustjórnar.
16. fundur framkvæmda- og veitustjórnar 10.03.2011 - drög að samkomulagi Vegagerðarinnar og Árborgar um könnun á hagkvæmni sameiginlegs brúar- og virkjunarmannvirkis tekin fyrir í stjórninni.
39. fundur bæjarráðs 17.03.2011- framkvæmdastjóra sveitarfélagsins falið að undirrita samkomulag við Vegagerðina.
42. fundur bæjarráðs 31.03.2011 - framkvæmdastjóra sveitarfélagsins falið að hefja viðræður við lífeyrissjóð um mögulega fjármögnun virkjunar.
46. fundur bæjarráðs 28.04.2011- ályktun Stóru - Laxárdeildar Veidifélags Árnesinga um virkjanamál í Ölfusá tekin fyrir í bæjarráði.
17. fundur bæjarstjórnar 09.06.2011- tillaga um að farið verði í þverfaglega vinnu vegna hugmynda um Selfossvirkjun í nefndum innan stjórnkerfisins samþykkt.
54. fundur bæjarráðs 07.07.2011- tillaga Veidimálastofnunar að áætlun um fiskrannsóknir á vatnasvæði Ölfusár - Hvítár vegna virkjunar í Ölfusá við Selfoss samþykkt í bæjarráði.
54. fundur bæjarráðs 07.07.2011- bæjarráð óskar eftir því við fagnefndir að þær fari í þverfaglega vinnu vegna hugmynda um Selfossvirkjun.
19. fundur bæjarstjórnar 21.09.2011 – samþykkt að skoða minni útfærslu á virkjanakosti við Selfoss. Framkvæmda- og veitustjórn falið að vinna að útfærslu.
23. fundur framkvæmda- og veitustjórnar – Páll Bjarnason, verkfræðingur, kynnti hugmyndir að rennslisvirkjun, allt að 10 MW. Ákveðið að óska eftir minnisblaði um hagkvæmni og ásýnd árinnar og umhverfis.
9. nóvember 2011, skýrsla Veidimálastofnunar liggur fyrir.

Virðingarfyllst,

Ásta Stefánsdóttir  
framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar

